

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 76/2012

2012/EES/50/03

frá 30. apríl 2012

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/2012 frá 30. mars 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1223/2011 frá 28. nóvember 2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1688/2005 að því er varðar sýnatök úr upprunahópum eggja og örverufræðilegar rannsóknir á slíkum sýnum og sýnum úr tilteknu kjöti sem á að fara til Finnlands og Svíþjóðar ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í 51. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1688/2005) í hluta 6.2 í I. kafla I. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32011 R 1223**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1223/2011 frá 28. nóvember 2011 (Stjtið. ESB L 314, 29.11.2011, bls. 12).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1223/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 207, 2.8.2012, bls. 3, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 43, 2.8.2012, bls. 5.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 314, 29.11.2011, bls. 12.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.